



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

22. nóvember 2006

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, 330. mál

Ef frumvarpið verður að lögum munu lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar til elli- og örorkulífeyris hækka um 7 milljarða króna á verðlagi þessa árs, þegar öll ákvæði þess eru komin til framkvæmda. Hækkun ellilífeyrisgreiðslna verður 4,8 milljarðar króna og örorkulífeyris 2,2. Til samanburðar voru útgjöld lífeyristrygginga 31 milljarður króna árið 2005 og útgjöld samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 6 milljarðar króna. Um helmingur hækkunarinnar er vegna hækkunar lífeyris til samræmis við þróun kjarasamninga en hinn hlutinn er stafar af því að dregið er úr vægi tengingar við tekjur lífeyrisþega og maka þeirra. Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemdir við ákvarðanir stjórnvalda um bætt kjör lífeyrisþega og telja það ekki á verksviði samtakanna að tjá sig um þær, nema að því leyti sem þær snú að vinnumarkaðslegum þáttum.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um nokkrar breytingar sem stuðlað getur að aukinni atvinnuþátttöku fólks sem náð hefur 67 ára aldri. Um er að ræða 300 þús. kr. frítekjumark vegna launatekna, heimiluð eru sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur geta hækkað um allt að 30% við frestun á töku lífeyris og dregið er verulega úr skerðingu lífeyris vegna atvinnutekna maka.

Samtök atvinnulífsins fagna framangreindum tillögum að breytingum sem stuðla að aukinni atvinnuþátttöku eldri starfsmanna á vinnumarkaði og styðja að þær verði að lögum.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson